

sagan „Þráðurinn að ofan.“ Sagan er að engu merkileg. Hún er í þessum gamla sunnudagsskóla anda, að eitthvað lítið og smátt, er á fjarska bág, kemst hátt fyrir herrans mátt, og fellur svo aftur og verður að engu. „Lítill köngurló“ er í þetta skifti söguhetjan í stað kramaraumingjans, sem vanalegast er „plátzborinn“ í þess kyns sögum.

Frumsöndu greinarnar eru allar á annan veg, og viljum vér telja þær smærri fyrst.

„Tveir kyrkjulegir fyrirmyndarmenn“ — Gisle Johnsen og Frederik Petersen, háskólakennarar í Kristjanfu. Í grein þessari fer ritstjórinn um þá nokkrum orðum og lýsir stefnum þeirra í guðfræðismálum.

Um það, hversu rétt er skýrt frá stefnum þessara manna, viljum vér lítið segja, áhrifa þeirra hefir lítið gætt utan Noregs, og eru þeir því flestum lítt kunnir. Þeir voru ekki menn, er myndað hafa neinn sérstakan skóla í trúfræðisheiminum, og geta því naumast í orðsins fyllsta skilningi talist „fyrirmyndarmenn“. Ritstj. getur þess, að Gisle Johnsen hafi tilheyrт orþodox-skólanum gamla („rétttrúnaðarguðfræði“), sem hafnað hafi „kulda og nasasjón skynsemistrúarinnar“, en reynt þó að gjöra trúfræðina „að vísindalegri sjálfsprekkingu trúaðs manns“ og grundvalla síðfræðina sem „samstæðilega þekking á lfsi trúarinnar.“ Hvað sem þetta þýðir, sem ekki er sem allra greinilegast, þá er svo að sjá, sem Johnsen hafi þó þrátt fyrir altt fylt flokk skynsemistrúarmanna, sé það satt, sem ritstjórinn hermir hér upp á hann. Hann segir hann og einnig hafa verið lærisvein Schleiermachers. En hafi svo verið, þá fer maður að efast á ný um, hversu orþodoxfu Johnsen hafi verið varið, og kemur þá enn rýtt til sögunnar, því Schleiermacher* hefir aldrei verið til þess skóla tal-

*). Schleiermacher er fæddur í Breslau 1768. Foreldri hans tilheyrт Calvins kyrkjunnar, og fyrstu kennarar hans voru að trúarskoðun fylgjendur hinnar svonefndu Moravíönsku hreyfingar, sem var lfsks eðlis, og Methodiskan varð á Englandi skömmu síðar. Árið 1787 fór hann á prestaskóla Moraviana í Barbich, en hvarf þaðan skjótt og innritaðist við háskólann í Halle, þar sem hann dvaldi tvö ár. Meðan hann var við háskólann, varð hann fyrir ýmsum utan að komandi áhrifum